

AUGLÝSING

um breytingu á reglum Reykjavíkurborgar, nr. 465/2019, um félagslegt leiguhúsnaði.

1. gr.

D-liður 1. mgr. 4. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

- D. Tekjur og eignir umsækjanda fari ekki yfir eftirfarandi tekju- og eignamörk:
Tekjumörk eru kr. 7.176.000 fyrir einstakling en kr. 10.047.000 fyrir hjón og sambúðarfólk. Þá reiknast kr. 1.794.000 fyrir hvert barn/ungmenni yngra en 20 ára sem er á framfæri viðkomandi. Þá reiknast kr. 897.000 fyrir hvert barn/ungmenni yngra en 20 ára sem er í umgengni hjá umsækjanda. Tekjumörk eru miðuð við meðaltal tekna síðastliðinna þriggja ára.
Eignamörk eru kr. 7.745.000.
Fjárhæðir eru endurskoðaðar af velferðarráði Reykjavíkurborgar árlega.

2. gr.

Kaflinn *Tekjur á ársgrundvelli* í matsviðmiðum varðandi almennt félagslegt leiguhúsnaði, í fylgiskjali 1, breytist og verður svohljóðandi:

Tekjur á ársgrundvelli	Stig
Árstekjur eru yfir kr. 7.176.000	0
Árstekjur eru á bilinu kr. 4.664.440 til kr. 7.176.000	1
Árstekjur eru undir kr. 4.664.440	2

3. gr.

Breytingar á reglum þessum, sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs 7. febrúar 2024 og á fundi borgarráðs 15. febrúar 2024, og eru byggðar á XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum, 4. tl. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og 9. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, taka gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 15. febrúar 2024.

Einar Þorsteinsson.

B-deild – Útgáfudagur: 29. febrúar 2024